

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 4/2008

frá 1. febrúar 2008

um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKIÐ NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir „samningurinn“, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) II. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 132/2007 frá 26. október 2007 ⁽¹⁾.
- 2) Fella ber inn í samninginn reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 715/2007 frá 20. júní 2007 um gerðarviðurkenningu vélknúinna ökutækja með tilliti til losunar frá léttum farþega- og atvinnuökutækjum (Euro 5 og Euro 6) og um aðgang að upplýsingum um viðgerðir og viðhald ökutækja ⁽²⁾.
- 3) Samkvæmt ákvæðum reglugerðar (EB) nr. 715/2007 falla úr gildi 2. janúar 2013 tilskipanir 70/220/EBE ⁽³⁾, 72/306/EBE ⁽⁴⁾, 74/290/EBE ⁽⁵⁾, 77/102/EBE ⁽⁶⁾, 78/665/EBE ⁽⁷⁾, 80/1268/EBE ⁽⁸⁾, 83/351/EBE ⁽⁹⁾, 88/76/EBE ⁽¹⁰⁾, 88/436/EBE ⁽¹¹⁾, 89/458/EBE ⁽¹²⁾, 91/441/EBE ⁽¹³⁾, 93/59/EBE ⁽¹⁴⁾, 93/116/EB ⁽¹⁵⁾, 94/12/EB ⁽¹⁶⁾, 96/44/EB ⁽¹⁷⁾, 96/69/EB ⁽¹⁸⁾, 98/69/EB ⁽¹⁹⁾, 98/77/EB ⁽²⁰⁾, 1999/100/EB ⁽²¹⁾, 1999/102/EB ⁽²²⁾, 2001/1/EB ⁽²³⁾, 2001/100/EB ⁽²⁴⁾, 2002/80/EB ⁽²⁵⁾, 2003/76/EB ⁽²⁶⁾ og 2004/3/EB ⁽²⁷⁾, en þær hafa verið felldar inn í samninginn og ber því að fella þær úr samningnum þannig að brottfellingin komi til framkvæmda 2. janúar 2013.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 100, 10.4.2008, bls. 1, og EES-viðbætur við Stjtið. ESB nr. 19, 10.4.2008, bls. 1.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 171, 29.6.2007, bls. 1.

⁽³⁾ Stjtið. EB L 76, 6.4.1970, bls. 1.

⁽⁴⁾ Stjtið. EB L 190, 20.8.1972, bls. 1.

⁽⁵⁾ Stjtið. EB L 159, 15.6.1974, bls. 61.

⁽⁶⁾ Stjtið. EB L 32, 3.2.1977, bls. 32.

⁽⁷⁾ Stjtið. EB L 223, 14.8.1978, bls. 48.

⁽⁸⁾ Stjtið. EB L 375, 31.12.1980, bls. 36.

⁽⁹⁾ Stjtið. EB L 197, 20.7.1983, bls. 1.

⁽¹⁰⁾ Stjtið. EB L 36, 9.2.1988, bls. 1.

⁽¹¹⁾ Stjtið. EB L 214, 6.8.1988, bls. 1.

⁽¹²⁾ Stjtið. EB L 226, 3.8.1989, bls. 1.

⁽¹³⁾ Stjtið. EB L 242, 30.8.1991, bls. 1.

⁽¹⁴⁾ Stjtið. EB L 186, 28.7.1993, bls. 21.

⁽¹⁵⁾ Stjtið. EB L 329, 30.12.1993, bls. 39.

⁽¹⁶⁾ Stjtið. EB L 100, 19.4.1994, bls. 42.

⁽¹⁷⁾ Stjtið. EB L 210, 20.8.1996, bls. 25.

⁽¹⁸⁾ Stjtið. EB L 282, 1.11.1996, bls. 64.

⁽¹⁹⁾ Stjtið. EB L 350, 28.12.1998, bls. 1.

⁽²⁰⁾ Stjtið. EB L 286, 23.10.1998, bls. 34.

⁽²¹⁾ Stjtið. EB L 334, 28.12.1999, bls. 36.

⁽²²⁾ Stjtið. EB L 334, 28.12.1999, bls. 43.

⁽²³⁾ Stjtið. EB L 35, 6.2.2001, bls. 34.

⁽²⁴⁾ Stjtið. EB L 16, 18.1.2002, bls. 32.

⁽²⁵⁾ Stjtið. EB L 291, 28.10.2002, bls. 20.

⁽²⁶⁾ Stjtið. ESB L 206, 15.8.2003, bls. 29.

⁽²⁷⁾ Stjtið. ESB L 49, 19.2.2004, bls. 36.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

1. gr.

I. kafli II. viðauka við samninginn breytist sem hér segir:

1. Eftirfarandi undirliður bætist við í 1. lið (tilskipun ráðsins 70/156/EBE):
„– **32007 R 0715**: Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 715/2007 frá 20. júní 2007 (Stjtíð. ESB L 171, 29.6.2007, bls. 1).“
2. Eftirfarandi undirliður bætist við í lið 45zl (tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2005/55/EB):
„– **32007 R 0715**: Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 715/2007 frá 20. júní 2007 (Stjtíð. ESB L 171, 29.6.2007, bls. 1).“
3. Eftirfarandi liður bætist við á eftir lið 45zs (tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2007/38/EB):
„45st. **32007 R 0715**: Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 715/2007 frá 20. júní 2007 um gerðarviðurkenningu vélknúinna ökutækja með tilliti til losunar frá léttum farþega- og atvinnuökutækjum (Euro 5 og Euro 6) og um aðgang að upplýsingum um viðgerðir og viðhald ökutækja (Stjtíð. ESB L 171, 29.6.2007, bls. 1).“
4. Texti 3. liðar (tilskipun ráðsins 70/220/EBE), 12. liðar (tilskipun ráðsins 72/306/EBE) og 42. liðar (tilskipun ráðsins 80/1268/EBE) falli brott þannig að brottfellingin komi til framkvæmda 2. janúar 2013.

2. gr.

Íslenskur og norskur texti reglugerðar (EB) nr. 715/2007, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 2. febrúar 2008 að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. sammingsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 1. febrúar 2008.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

Alan Seatter

formaður.